

# Breytingar á vali nautsmæðra og kúaskoðun

Fagræð í nautgriparækt ákvað á fundi sínum í lok janúar s.l. að gera nokkrar breytingar sem eru til þessa fallnar að gera vinnu við kynbótastarfið hagkvæmari og skilvirkari. Þar ber fyrst að nefna val á nautsmæðra en við skilgreiningu á þeim verður nú notast við heildareinkunn í stað afurðaeinkunnar. Í öðru lagi er um að ræða breytingar á framkvæmd kúaskoðunar þar sem notkun hins svokallaða „gamla“ skala verður lögð af og eingöngu notast við linulegt mat.

Við skulum víkja fyrst að vali nautsmæðrana en nú verður lágmark í heildareinkunn nautsmæðra miðað við 107 jafnframt því sem gerð verður sú krafa á nautsmæður að þær hafi að lágmarki 100 í kynbótaeinkunn fyrir mjaltir og að lágmarki 90 í kynbótaeinkunn fyrir fitu. Grundvöllur þessara breytinga er að atlaganir hafa sýnt að með þessu móti fæst sterkari þópur nautsmæðra ef horft er á alla eiginleika sem eru inni í ræktunarmarkmiðum fyrir íslensku mjólkurkúna. Eina undantekningin snertir eiginleikann mjaltir og því hefur verið ákveðið að allavega fyrst um sinn séu gerðar lágmarkskröfur um kynbótamat fyrir þann eiginleika. Þar sem afurðamat gripa byggir eingöngu á próteinafurðum, og próteinafurðir því mjög áhrifamikill eiginleiki í heildareinkunn grips, hefur einnig

verið ákveðið að hætta að hafa sérstakt lágmark á próteinhlutfalli hjá nautsmæðrum en setja þess í stað lágmark á kynbótaeinkunn nautsmæðra fyrir fitu. Í töflu sem hér fylgir má sjá samanburð á meðalkynbótaeinkunn nautsmæðra varðandi nokkra eiginleika fyrir og eftir þessa breytingu.

Eins og sjá má verður nautsmæðrahópurinn í heild sinni öflugri og fellur betur að því ræktunarmarkmiði sem unnið er eftir og skilgreint er með heildareinkunninni. Einnig má segja að þessi breyting minnki áherslu á afurðir í nautsmæðravaliu og færi valið meira í samræmi við þau ræktunarmarkmið sem gildandi fyrir íslenska kúakynið þ.e. að rækta endungargóðar og vel gerðar kýr með góðar mjaltir.

Eftir sem áður verða síðan gerðar lágmarkskröfur um einkunn fyrir jógur, spena, mjaltir og skap úr kúaskoðun. Sama breyting mun taka gildi fyrir efnulegar kvigur, þar verður nú notast við heildareinkunn til skilgreiningar í stað afurðaeinkunnar áður. Þetta mun þýða einhverjar

tílfærslur á nautsmæðrafloggum í gripalístum inni í HUPPU og biðjum við bændur að veita því athygli. Eitthvað af kúm, sem nú eru merktar sem nautsmæður, munu falla út af þeim lista en hafi þær nú þegar verið sæddar með nauksferðum viljum við að sjálfsgöðu fá að vita af kálfum undan þeim þegar þeir fæðast þó svo að flaggið sé hugsanlega farið af móðurinni vegna þessara breytinga.

## Breytingar á kúaskoðun

Töluverðar breytingar verða einnig gerðar á framkvæmd kúaskoðunar. Í fyrsta lagi hefur fagræð í nautgriparækt ákveðið að kvigur undan heimanautum verði ekki skoðaðar sem hluti af gagnasófnun fyrir hið sameiginlega ræktunarstarf enda sé sú gagnasófnun fyrst og fremst hugsuð til að safna upplýsingum til afkvæmaprófana á sameiginlegum kynbótagripi. Bændum stendur að sjálfsgöðu til bóða að láta skoða þær kvigur, sem ekki eru undan sæðinganautum, gegn greiðslu. Sterkustu rökin fyrir þessu eru m.a. þau að það

Guðmundur Jóhannesson  
Ábyrgðarmaður í  
nautgriparækt hjá RML  
mundi@rml.is



Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir  
Fagstjóri búfjárræktarviðs  
hjá RML  
geh@rml.is



er ekki réttlátt að sameiginlegir fjármunir séu notaðir til þess að safna upplýsingum um byggingu dætra nauta sem ekki eru hluti af skipulögðum afkvæmaprófunum og fá því aldrei öryggi sem neinu nemur á sinn „afkvæmsdóm“ jafnvel þó þau eigi dætur í framleiðslu á einhverjum búum. Þeirra framlag til erfðafráfarar í kúastofninum getur því aldrei numið neinu sem orð er á gerandi. Ein megináberslan í íslenski nautgriparækt er og verður að vera sú að stækka hinn virka erfðahóp sem mest og það verður ekki gert nema með aukinni notkun sæðinga. Það þýðir að notkun heimanauta verður að vera algjör undantekning enda mæla öll rök með því að nota sæðingar.

Jafnframt þessu verður nú hætt að dæma kvigur bæði eftir svokölluðum „gamla“ og „nýja“ skala, heldur verður eingöngu notast við linulegt mat. Þessi ákvörðun er byggð á niðurstöðum athugunar sem Agust Sigurðsson hefur gert á erfðafylgni eiginleika úr dómskólunum tveimur þar sem í ljós kemur að með notkun á báðum skólunum er verið að dæma sömu eiginleikana tvisvar. Þar sem linulega matið („nýi“ skalinu) er þess eðlis að það er nákvæmari lýsing á einstökum eiginleikum

hvers grips verður það notað og þróað áfram. Þessar breytingar er nú þegar komnar til framkvæmda.

Þetta þýðir að kýr sem eingöngu verða memar með linulegu mati munu ekki fá hinar gamalkunnu einkunnir sem notaðar hafa verið áratugum saman. Þær fá því ekki einkunnir eins og 8 fyrir jógur og lögur, 9 fyrir staðsetningu spena og lengd o.s.frv. Þess í stað verður linulega matið reiknað í eina heildareinkunn og byggir á útreikningum á frávikum í mati viðkomandi grips frá „besta“ mati í hverjum eiginleika. Eftir sem áður verður heildareinkunnin ekki svo ólík heildarstigum úr útlitsdómi samkvæmt „gamla“ skalanum. Glæsilegar kýr munu fá heildareinkunn 85-90 stig eða þar um bil en lakar gerðar kýr munu hins vegar fá mun lægri einkunn. Þá koma verulegir byggingargallar, eins og aukagot á spenum, samvaxur spenar o.fl., til frádráttar af meiri þunga en áður. Dreifing á útlitsleiknum verður því væntanlega meiri en áður.

Í fyllingu tímans, og raunar á komandi misserum, mun þetta einnig hafa áhrif á val nautsmæðra. Eftir því sem þeim kúm fjölga sem ekki hafa dóm samkvæmt „gamla“ skalanum mun val nautsmæðra byggja sé meira á linulega matinu. Þar verður miðað við heildarútlitsmatið en einnig frávík frá bestu gildum linulega matsins. Þannig verður áfram sneitt hjá því að taka naukalla á stöð undan kúm sem eru gallaðar í byggingu, mjóltum og skapi.

## Meðalkynbótæinkunn nautsmæðra fyrir og eftir breytingu

	Mjólk	Prótein%	Afurðir	Frumut.	Júgur	Spenar	Mjaltir	Heild
Fyrir	112	104	112	102	111	111	109	108
Eftir	111	105	111	104	113	111	110	109
Breyting	-1	1	-1	2	2	0	1	1